

Vátrygging þessi er hóprygging sem VISS ehf. hefur samið um við Sjóvá-Almennar tryggingar hf. VISS kemur fram sem umboðsaðili Sjóvá-Almennra trygginga hf. og sér alfarið um öll samskipti og þjónustu gagnvart vátryggðum vegna framkvæmdar samningsins en Sjóvá-Almennar tryggingar hf. bera hina fjárhagslegu áhættu af vátryggingunni. Í skilmála þessum merkir hugtakið „félagið“ Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

1. kafli: Bótasvið, bls. 1.
2. kafli: Almenn ákvæði, bls. 2.

Aftast eru upplýsingar um Tjónagrunn

1. KAFLI BÓTASVIÐ

1. gr. Hið vátryggða – Hver er vátryggður?

- 1.1. Vátryggingin tekur til tækis þess sem tiltekið er á vörureikningi seljanda og vátryggingarskírteini, sem VISS eða söluaðili tækis afhendir til staðfestingar á vátryggingarvernd.
- 1.2. Hinn vátryggði er upprunalegur kaupandi tækis skv. gr. 1.1. sem við kaupin gengur inn í hópryggingasamning þennan milli VISS og Sjóvá-Almennra trygginga hf. gegn greiðslu iðgjalds.
- 1.3. Ef hið vátryggða tæki er selt er heimilt að framselja réttindi vátryggingarinnar með tilkynningu til VISS um eigandaskipti. VISS gefur út nýtt vátryggingarskírteini til nýs eiganda og telst hann þá vátryggður í stað upphaflegs kaupanda frá móttöku tilkynningar um eigendaskipti. VISS áskilur sér rétt til þess að hafna því að nýr eigandi gangi inn í hópryggingarsamninginn og skal það þá gert sannanlega innan mánaðar frá tilkynningu. Hafni VISS nýjum eiganda kemur ekki til endurgreiðslu á þegar greiddu iðgjaldi.

2. gr. Landfræðilegt gildissvið

Vátryggingin gildir um allan heim.

3. gr. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón sem stafar af skyndilegum og óvæntum, utanaðkomandi atvikum sem gerast án vilja vátryggðs.

4. gr. Undanskildar áhættur

Vátryggingin bætir ekki tjón eða bilanir:

- 4.1. sem verður í innbroti, þjófnaði eða ráni;
- 4.2. sem kauparéttarleg krafa tekur til svo sem ábyrgð eða önnur skuldbinding framleiðanda, heildsala, smásala, viðgerðarmanns eða annars aðila og fylgir tækinu við kaupin eða fylgir samkvæmt lögum, reglugerð eða ábyrgðaryfirlýsingum;
- 4.3. sem stafa af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu eða röngu viðhaldi, forms eða litabreytingum;
- 4.4. sem eingöngu hafa áhrif á útlit tækisins en ekki notagildi þess s.s. rispur;
- 4.5. á aukabúnaði tækis s.s. hleðslutækjum, heyrnartólum, handfrjálsum búnaði, hulstri og þess háttar;
- 4.6. sem verður er vátryggður gleymir hlut, týnir hlut eða skilur eftir á almannafæri;
- 4.7. ef tækið hefur verið gert upptækt eða haldlagt af stjórnvöldum eða lögreglu.

5. gr. Óbeint tjón

Vátrygging þessi bætir ekki neins konar óbein eða afleidd tjón svo sem afnotamissi, afhendingardrátt vöru eða glötun á rafrænum gögnum.

6. gr. Almenn undanþága frá bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón sem stafa af kjarnorku, jónandi geislun, geislavirkum efnum, styrjöldum, borgarastríði eða óeirðum. Þá bætir vátryggingin ekki tjón af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.

7. gr. Uppgjör bóta

- 7.1. Ef tækið skemmist í bótaskyldum atburði sér VISS um viðgerð á tækinu. Sé tækið ónýtt eða ekki svarar kostnaði að gera við það afhendir VISS annað sambærilegt tæki til hins vátryggða. Í slíku tilfelli eignast

VISS tækið sem skemmdist. VISS áskilur sér einhliða rétt til að ákvarða viðgerð eða afhendingu annars tækis.

- 7.2. Með sambærilegri vöru í skilningi þessarar greinar er átt við tæki sömu gerðar sem getur verið uppert (refurbished) en ekki nýtt. Ábyrgð söluaðila gildir á uppgerðum tækjum í sömu tímalengd eins og eftir var af ábyrgðartíma tækisins sem verið er að bæta.
- 7.3. Ef um bótaskyld tjón er að ræða og gert verður við tækið mun VISS lána hinum váttryggða tæki til afnota á meðan viðgerð fer fram. Þetta tæki getur verið einfaldara að gerð heldur en hið váttryggða tæki.
- 7.4. Aldrei er fyrir hendi réttur til greiðslu peningafjárhæðar fyrir skemmd eða horfin tæki.

8. gr. Eigin áhætta

- 8.1. Í hverju tjóni ber hinn váttryggði eigin áhættu sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða vörureikningi seljanda.
- 8.2. Eigin áhætta skal greidd til VISS áður en tæki er afhent eftir viðgerð eða tæki er bætt með öðru sambærilegu tæki.

9. gr. Varúðarreglur

- 9.1. Váttryggðum og þeim sem samsamað verður með honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum fram koma í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- 9.2. Váttryggðum og eða öðrum umráðamönnum hins váttryggða hlutar ber að sýna eðlilega aðgát við vörslu hins váttryggða hlutar. Váttryggðum og eða öðrum umráðamönnum hins váttryggða hlutar ber að læsa tryggilega hóbýlum, bifreiðum, bátum, loftförum og öðrum sambærilegum geymslustöðum þegar þessir staðir eru mannlausir og/eða án eftirlits og sjá til þess á allan hátt að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að hinu váttryggða.
- 9.3. Við notkun og meðferð tækisins skal váttryggður og eða aðrir umráðamenn hins váttryggða hlutar í hvívetna fara eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja tækinu frá söluaðila eða framleiðanda.

2. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

10. gr. Váttryggingartímabil - Lok váttryggingar - Endurgreiðsla iðgjalds

- 10.1. Váttryggingin tekur til tjóna sem verða á hinu váttryggða tæki innan þess váttryggingartímabils sem tiltekið er í váttryggingarskírteini. Váttryggingarvernd hvers þátttakanda gildir í 12 mánuði frá kaupdegi tækisins/tryggingar og er fyrsta 12 mánaða tímabilið óuppsegjanlegt. Að því tímabili loknu endurnýjast váttryggingarverndin í aðra 12 mánuði. Hámarks váttryggingartími er 24 mánuðir frá upphaflegum kaupdegi tækisins og þegar því tímabili lýkur verður tryggingin ekki endurnýjuð frekar og tryggingavernd lokið án frekari tilkynninga. Á seinna váttryggingartímabilinu getur þátttakandi í hópnum hvenær sem er sagt sig úr honum með sannanlegri tilkynningu til VISS, með mánaðar fyrirvara miðað við mánaðarmót. Fellur váttryggingarverndin niður frá og með þeim tíma.
- 10.2. Verði hið váttryggða fyrir altjóni og VISS afhendir annað tæki sambærilegt hinu fyrra fellur váttryggingin niður án endurgreiðslu iðgjalds. Skal váttryggðum þá gefinn kostur á að kaupa nýja váttryggingu fyrir hið nýja tæki. Hafi iðgjald ekki verið greitt að fullu við kaup tryggingar skulu eftirstöðvar greiddar að fullu þegar að altjón er bætt.
- 10.3. Leiði ítrekuð tjón til þess að uppsafnaður viðgerðakostnaður nemi andvirði nýs sambærilegs tækis fellur váttryggingin niður án endurgreiðslu þegar þeirri heildartjónsfjárhæð er náð.
- 10.4. Falli váttryggingarvernd þátttakanda niður vegna úrsagnar hans úr hópnum á seinna váttryggingartímabili tryggingarinnar endurgreiðir VISS iðgjaldið hlutfallslega eftir því sem liðið er á váttryggingartímabilið og iðgjald hefur verið greitt.

11. gr. Greiðsla iðgjalds - Vanskil

- 11.1. Váttryggingarvernd þátttakanda tekur gildi við greiðslu hans á iðgjaldi fyrra váttryggingartímabilsins eða móttöku staðlaðs greiðslusamnings um iðgjald.
- 11.2. VISS sendir váttryggðum þátttakendum greiðsluseðil við endurnýjun eða færir nýtt ársiðgjald á staðlaðan greiðslusamning ef hann hefur verið gerður. Greiðslufrestur greiðsluseðils við endurnýjun er einn mánuður hið skemmsta frá því VISS sendi tilkynningu um greiðslu á það heimilisfang eða tölvupóstfang sem þátttakandi tiltekur við töku tryggingarinnar.

- 11.3. Sé iðgjald á greiðslusamningi þá er greiðslufrestur hvernar afborgunar einn mánuður hið skemmsta frá því VISS sendir kröfu á greiðslusamninginn.
- 11.4. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur skv. gr. 11.2 og 11.3 getur VISS sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.

12. gr. Brot á varúðarreglum

- 12.1. Varúðarreglur eru hátternisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.
- 12.2. Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

13. gr. Váttryggjandi – Þjónustuaðili váttryggingarinnar.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er váttryggjandi samkvæmt hóptryggingu þessari og ber fjárhagslega áhættu af henni. VISS er váttryggingartaki og jafnframt umsjónar- og þjónustuaðili váttryggingarinnar samkvæmt umboðssamningi við félagið. Hlutverk VISS er m.a. að hafa umsjón með því að afla þátttakenda í hóp váttryggðra og halda skrá um þátttakendur á hverjum tíma, innheimta iðgjöld, taka við tilkynningum frá þátttakendum og senda til þeirra, svara fyrirspurnum þátttakenda og afgreiða tjón.

14. gr. Tjónstilkynning – Skyldur hins váttryggða við tjón

- 14.1. Ef utanaðkomandi tjón verður á tækinu skal afhenda tækið á verkstæði VISS eða samstarfsaðila sem VISS tilgreinir inni á www.viss.is, ásamt því að fylla út tjónstilkynningu. Bótaskylda er metin af VISS við skoðun tækisins og framvísun tjónstilkynningar.
- 14.2. Þegar bótaskyldur atburður hefur orðið eða hætta er á því að svo verði, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun VISS endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætanager. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 14.3. Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki VISS eða félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á samkvæmt 51. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Ef VISS eða félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað dómsmál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu VISS eða félagsins um að kröfu hans væri hafnað.

15. gr. Ásetningur

Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs fellur bótaábyrgð niður.

16. gr. Samsömun

- 16.1. Ef hið váttryggða er til einkaafnota getur bótaréttur skerast eða fallið niður ef maki eða sambúðarmaki váttryggðs hefur brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. reglu b-liðar, 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 16.2. Ef hið váttryggða er notað í atvinnustarfsemi getur bótaréttur skerast eða fallið niður vegna háttsemi starfsmanna váttryggðs sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

17. gr. Önnur váttrygging

Ef váttryggður á jafnframt rétt á bótum úr annarri váttryggingu vegna sama tjónsatburðar, fer uppgjör bóta eftir reglum 37. gr. laga nr. 30/2004. VISS mun þó ekki nýta sér þennan rétt ef það hefur áhrif á váttryggingakjör váttryggðs hjá tryggingafélagi hans.

18. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Að öðru leyti, en því sem kveðið er á um í þessum skilmála, gilda um váttryggingarsamning þennan lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

19. gr. Heimili - Varnarþing - Ágreiningur

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfshætti má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 13.01.2017.

Tjónagrunnur:

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi váttryggingarfélags
- Staðsetning tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.